

Landnámsminjar í Sandvík. Björgunarrannsókn
Framvinduskýrsla



Lísabet Guðmundsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses

Reykjavík 2022

FS869-20082



Forsíðumynd: Loftmynd af svæði A, timburmannvirki (Myndataka: Morten Ramstad)

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ): 201806-0076

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS): 2021-42

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: Minjarnar eru ekki skráðar

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Minjar í Sandvík eru í mikill hættu vegna ágangs sjávar.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að rannsaka þær minjar sem eru í hvað mestri hættu.

Tegund rannsóknar: Björgunarrannsókn

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: Minjarnar voru fullgrafnar á svæðinu sem var opnað. Enn á eftir að hylja svæðið á nýjan leik.

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla): Sandvík, Kaldrananeshreppur, Strandasýsla.

GPS hnit: A: 388673 N: 580721

Rannsóknartími: 30.08.2021-10.09.2021

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 5

Efnisyfirlit

Útdráttur	5
Abstract	5
Inngangur	6
Forsaga	8
Markmið og framkvæmd	8
Aðferðafræði	9
Gripir	9
Jarðvegssýni.....	10
Fleyting	10
Meginmál	10
Svæði A.....	10
Mannvirki A1	11
Öskuhaugur	18
Timburmannvirki A2	21
Svæði B.....	23
Mannvirki B2 (Bjössabúð).....	23
Mannvirki B1 og svæðið á milli mannvirkjanna tveggja	28
Öskuhaugur	28
Kolefnissldurs- og lípíðgreiningar.....	30
Umræða og niðurstöður	32
Heimildir	33
Viðaukar	34
Einingaskrá	34
Fundaskrá	40
Sýnaskrá	41

Útdráttur

Árið 2021 var þriðja uppgraftartímabilið í Sandvík. Markmið rannsóknarinnar var að fá úr því skorið hvort búseta hafi verið árstíðarbundin eða samfelld allt árið, fullrannsaka öskuhaugana tvo og timburmannvirkið. Fornleifarannsókn leiddi í ljós að búseta var árstíðarbundin, hins vegar bendir dýrabeinasafn fremur til þess að búseta hafi verið á ársgrundvelli, þ.e. bein ungra dýra benda til þess. Hins vegar eru, til þessa, engar rannsóknir fyrirbyggjandi um það hvernig árstíðarbundinni búsetu við sjávarsíðuna frá þessu tímabili var háttað, né hvernig daglegt líf var. Rannsóknin sýnir fram á að í Sandvík hélt til allmargt fólk sem virðist hafa verið vel til haldið, það starfaði að mestu við sjávarútveg. Fiskur var unninn á staðnum og fluttur á brott, lýsi var brætt í þar til gerðri lýsisgryfju. Að auki eru ummerki um textílframleiðslu. Þegar á 9. til 10. öld var komin umfangsmikil innlanlandsverslun á sjávarfangi og Sandvík hefur verið einn af framleiðslustöðunum.

Lykilorð

Loftslagsbreytingar, landnámsöld, Strandir, árstíðarbundin búseta, sjávarrof, sjávarauðlindir

Abstract

Due to sea erosion, extensive cultural remains have been disappearing in to the sea in Sandvík, Strandir. This was the third excavation season in Sandvík where the main aim is to salvage the archaeological remains before nature takes it's course. This year was the second excavation season. The main aim of the research this year was to assess if the settlement in Sandvík was seasonal or permanent, excavate fully the two remaining middens and the extremely well preserved timber structure. The data gathered this years suggests a seasonal settlment, the animal bone assemblage does however compare to a permanent settlement. However a coastal seasonal site from this time period has not been previously excavated before. Therefore the settlement patterns may be unlike more earlier seasonal sites. Furthermore the study suggests that this was a production site, fish was being worked on site and transported elsewhere pointing to an inland trading with marine resources quite early on.


Keywords

Climate change, Settlement period, Strandir, Seasonal settlement, Coastal erosion, Marine resources

Inngangur

Sandvík er lítil vík í landi Bæjar í Kaldrananeshreppi á Ströndum. Vegna ágangs sjávar hefur kvarnast verulega úr rofi við sjávarsíðuna en þar er að finna nokkuð umfangsmiklar minjar frá 9. og 10. öld. Rannsókn fór fram á tveimur svæðum, svæði A og B, á svæði A var markmiðið að ljúka uppgreftri á öskuhaug og timburmannvirki ásamt því að afla upplýsinga hvort um væri að ræða fasta búsetu eða árstíðarbundna. Á svæði B var markmiðið að komast að því hvort mannvirki 2 sem fram kom árið 2020 væri verbúð eða hvort um væri að ræða mannvirki með annað hlutverk. Miðlun rannsóknarinnar til bæði heimamanna og annarra hefur ávallt verið mikilvægur þáttur innan rannsóknarinnar. Á þessu ári var haldinn fornleifaganga en auk þess var rannsóknin hluti af verkefninu European Heritage Days. Líkt og fyrri ár komu krakkarnir í grunnskólanum á Drangnesi í vettvangsferð og var þeim kynnt rannsóknin og aðferðafræði fornleifafræðinga. Árið 2020 var að haldin vinnustofa í fornleifafræði í grunnskólanum og þau eru því orðin vel að sér í fornleifafræði og sögu svæðisins.

Verkefnið var fjármagnað af Fornminjasjóði og Háskólasafninu í Bergen og er samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands, Háskólasafnsins í Bergen og Háskóla Íslands. Uppgrafstjóri og ábyrgðarmaður verkefnisins er Lísabet Guðmundsdóttir sem að auki sá um skýrsluskrif. Auk hennar komu þrír aðrir fornleifafræðingar og einn fornleifafræðinemi að vettvangsvinnunni, Morten Ramstad, fornleifafræðingur hjá Háskólasafninu í Bergen, Lilja Björk Pálsdóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands, Grace Cesario, dýrabeinafornleifafræðingur við Háskóla Íslands og Björn Guðjónsson, fornleifafræðinemi og heimamaður. Grace Cesario sér að auki um greiningu dýrabeina sem fundust við uppgröftinn. Landeigendum Bæjar, Mörtu Guðrúnu Jóhannesdóttur og Bjarni Þórissyni vil ég þakka fyrir að leyfa okkur að grafa í vikinni og öll liðlegheitin. Rannsóknin hófst 30. ágúst og stóð til 10. september 2020.



Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðis



Mynd 2. Uppgrftarhópurinn, frá vinstri: Morten Ramstad, Björn Guðjónsson, Lísabet Guðmundsdóttir, Grace Cesario og Lilja Pálsdóttir.



Mynd 3. Leiðsögn um svæðið.

Forsaga

Rannsókn í Sandvík hófst árið 2018, vikin var könnuð með kjarnabor, að auki var snið rofabarðs við sjávarsíðuna hreinsað. Þar var að finna öskuhaug frá 10. öld sem var að hverfa í haf út vegna ágangs sjávar. Undir öskuhaugnum kom að auki í ljós timburmannvirki. Ennfremur leiddi borkjarnarannsókn í ljós mannvirki vestan við öskuhauginn.¹

Árið 2020 hófst uppgröftur á tveimur svæðum í Sandvík, svæði A, öskuhaugur og timburmannvirki, og svæði B, smáhýsi en að auki kom í ljós annað mannvirki sem ekki var fullrannsakað ásamt gryfju þar sem stunduð var lýsisbræðsla (*Mynd 4*). Aldursgreining á mannvirkjunum sýndi fram á að mannvirkin eru frá 9. til 10. .



Mynd 4. Svæði A og svæði B.

Markmið og framkvæmd


¹ Ítarlegri rannsóknarsögu má finna í (Lísabet Guðmundsdóttir 2021)

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaganna fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgráttarhandbók Fornleifastofnunar Íslands (Lucas, Gavin. 2003. Archaeological field manual. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík). Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag og viðburð (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, mæld með alstöð, og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki.

Í þessari rannsókn voru öll lög og gripir mæld inn með Trimble alstöð sem sett er upp út frá tveimur þekktum punktum í Isnet 93 hnitakerfinu. Öll gögn voru færð daglega inn í Qgis sem er landfræðilegt upplýsingakerfi ásamt grunnupplýsingum um hvert lag fyrir sig.

Á meðan á uppgræftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað sambandi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í sambandi á milli mannvistarlaganna og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgráttar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn. (Harrismatrixcomposer.com)



Single context og Harris Matrix (<https://www.semanticscholar.org/paper/The-Temporal-Dimension-in-a-4D-Archaeological-Data-Roo-Weghe/de4d0da90c6dce4d502f43b1e6b162f4d105432a/figure/2>)

Gripir

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið (Lucas, 2003). Í þessari rannsókn voru gripir mældir inn með alstöð og færðir inn í landfræðileg upplýsingakerfi tengd við það lag sem þeir fundust í.

Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd eininganúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

Fleyting

Jarðefni eru leyst upp í vatni í þar til gerðum búnaði þannig að koluð lífræn efni fljóta á yfirborðinu en þyngri efni falla til botns. Þannig er hægt að skilja mold og sand frá þeim leifum sem hægt er að nota til að greina ýmis ummerki athafna manna á því svæði sem sýnið var tekið. Botnfallinu er að lokum safnað saman og það hengt upp til þerris. Þegar það er orðið þurrt er flokkað úr botnfallinu. Tilgangur fleytinga jarðvegssýna er að finna lífrænar leifar, svo sem fræ og aðrar plöntuleifar, en einnig skordýr og smáa gripi. Þrátt fyrir að jarðlög séu handgráfin og aðgæsla viðhöfð, eru þessar leifar oft svo smáar að þær finnast sjaldan þegar beitt er hefðbundnum uppgraftaraðferðum, þ.e. finnast ekki nema með sýnatöku.

Meginmál

Svæði A


Markmið rannsóknarinnar 2021 var að fullgrafa öskuhauginn sem kvarnast hefur verulega úr í gegnum tíðina. Fullgrafa timburmannvirki sem kom í ljós árið 2018 undir öskuhaugnum, grafa

skurð í norður til þess að kanna hvort mannvirkin hefðu verið notuð árstíðarbundið eða þar verið föst búseta. Svæðið var opnað með gröfu en þar sem um 1,3 m af hreinum sandi liggur yfir minjunum reyndist ómögulegt að grafa skurð eins og áætlað var, þar sem sandur féll sífelldur úr sniðinu. Því var ákveðið að stækka svæðið til norðvesturs. Í heild var svæðið 4,5 x 4 m en að auki var timburmannvirkið fullgrafið en það var á svæðinu sem opnað hafði verið árið 2020.


Mannvirki A1

Grunnspurningin sem lagt var upp með er hvort búseta hafi verið samfelld á einhverjum tíma? Beinasafnið í öskuhaugnum virtist benda til þess sem og elsta notkunarstig mannvirkis B2 sem minnir hvað helst á jarðhýsi að stærð, lögun og samsetning funda. Þar af leiðandi þótti ekki ólíklegt að upphaflega hafi búseta verið á heilsársgrundvelli en síðar breyst og orðið árstíðarbundin. Dæmi um slíkt er að finna til að mynda í Ólafsdal (Lilja Björk Pálsdóttir et al., 2021).

Norðan við öskuhauginn kom í ljós niðurgrafið mannvirki sem var einkar áhugavert. Ekki er ljóst hversu stórt það er þar sem það var ekki fullgrafið, en uppgrafin lengd var 3,5 m og heildarbreidd var 2,3 m. Mannvirkið var grafið niður í náttúrulegan sandbakka rétt norðan við öskuhauginn. Niðurgröfturinn var tiltölulega brattur og botninn sléttur, torfveggir [661] voru hlaðnir ofan á sandbakkann. Töluvert var af sandi í veggjum, þeir hafa því að öllum líkindum ekki verið langlífir, varðveitt hæð var um 15 cm. Torvelt reyndist að greina torfhrun frá torfveggjum á vissum stöðum. Meðfram brún veggjarins voru tvær stoðarholur [656] að sunnanverðu og [658] að norðanverðu. Stoðarhola [656] var kringlótt í lögun, um 16 cm í þvermál og 25 cm á dýpt, fylling [655] í holunni var laus í sér, sendin, appelsínugul til brún á lit. Stoðarhola [658] var upp við austursnið svæðisins, holan var kringlótt um 17 cm í þvermál en er með totu til suðurs (*Mynd 5,6,7 og 8*). Holan var um 20 cm á dýpt með ávölum botni. Fylling [657] var áþekkt og í fyllingu [655] laus í sér, sendin, appelsínugul til brún á lit. Hinsvegar var gripur í holunni, hugsanlega draglóð (SAN22-42-28) (*Mynd 9*).



Mynd 5. Mannvirki A1.



Mynd 6. Mannvirki A1 með loftmynd undir.



Mynd 7. Stoðarholur á sandbakknum í mannvirki A1. (Mynd tekin í A)




Mynd 8. Stoðarholur ofan á bakkanum. (Mynd tekin í V)




Mynd 9. Hugsanlegt draglóð (SAN22-42-28) úr stoðarholu [657]

Yfir stoðarholunum við austurbrún mannvirkisins var torflag [653], líklegast hrun. Það var þétt, mislitt, appelsínugult til svart, í því var viðaraska og einstaka móöskuflekkir. Lagið var þykkast í norðausturhorni svæðisins. Vestan við lag [653] er torfblandað lag [641] sem nær yfir allan niðurgröftinn fyrir mannvirkið (Mynd 10 og 11).




Mynd 10. Grjóthrun og hellur í vegg.



Mynd 11. Loftmynd af yngri lögum mannvirkisins.

Í laginu er mikið af grjóti, mest öllu eldsprungnu. Í austurhlið eru hellur sem hafa verið lagðar upp á kant og voru meðfram veggnum en hafa hrunið eftir notkun. Í laginu var einnig að finna tvær fallnar stoðir, svo einhvern tíma hafa verið stoðir meðfram veggnum innan byggingar, ekki er ljóst hvort stoðirnar sem voru ofan á bakknum eru yngri eða eldri. Yfir laginu að hluta og yfir torflagi [653] að austanverðu var blandað torflag með töluverðu grjóti, líklegast sama lag og [625] sem var sendið torfhrun sem nær að mestu yfir torfblandaða lagið [641]. En töluvert er af eldsprungnum steinum í laginu. Að norðanverðum bakknum var sandlag [637], líklegast áfok eftir að byggingin var farin úr notkun, sunnan við bakkann var sandlag [637] í hruni, eða á milli hrunlaga. Upp við austurvegg mannvirkisins er stoðarhola [628]/[629], holan er skorin í gegnum [623] en fer ekki í gegnum torfhrun [625]/[641] sem þýðir að hér er um yngri fasa að ræða eða viðgerð á milli notkunartímabila eða árstíða. Holan var 11 cm í þvermál og 13 cm á dýpt, kringlótt og voru hliðar lóðréttar (Mynd 12 og 13).



Mynd 12. Fokslög [623] og [621].




Mynd 13. Loftmynd af foklögum.

Fyllingin var laus í sér og sendin. Yfir holunni og mannvirkinu öllu voru sandblönduð torfhrun og sandáfokslög [625], [623] og [621] og var mannvirkid alfarið komið úr notkun á þessu tímabili. Yfir svæðinu öllu var sandur og yfirborðslag [620] sem voru um 50 cm á þykkt.



Mynd 14. Svæðið sem var opnað árið 2021 er nyrst á myndinni. (Mynd tekin í N)

Austursnið við búðina á svæði A



Mynd 15. Norðaustursnið svæðisins.

Tafla 1. Lýsing jarðlaga í sniði.

Eining	Lýsing
[001]	Grasrót
[002]	Áfokssandur
[003]	Torfyfirborð með áfokssandi, lagskipt a.m.k. þrjú yfirborð
[004]	Uppmökstur, torf með brenndum beinum
[005]	Dökkbrúnt lag með viðarkolum og torfflekkjum
[006]	Sorplag, sendið með brenndum beinum og viðarkolum
[007]	Torfhrun og áfok, torflinsur og -blettir, viðarkol
[008]	Lagskipt torf eða yfirborð til skiptis við áfokssand með viðarkolum og brenndum beinum
[009]	Torfhleðsla, mjög sendin, appelsínugul með dökkum lögum inn á milli. Viðarkol og brennd bein í sandinum

[010]	Lagskipt torfhrun, brúnt, appelsínugult og fjólublátt, eldsprunginn steinn
[011]	Áfokssandur
[012]	Hreinn áfokssandur, lagskiptur
[013]	Stoðarhola, sandur, torfblettir og rauður sanduppmokstur
[014]	Foksandur og brennd bein
[015]	Foksandur

Samantekt

Mannvirki A1 er norðan við öskuhauginn, það er grafið niður í sandbakka og voru hellur lagðar upp á rönd meðfram veggnum til að koma í veg fyrir að sandhrun úr bökkunum.

Töluvert er af torfhruni og sandlögum í tóftinni sem að öllum líkindum hafa myndast á milli árstíða. Gripir voru fáir í húsinu, hugsanlegt draglóð var í einni stoðarholunni, að auki fannst kjálki af nautgrip upp á einni hellunni í vegglinunni (*Mynd 16*). Hann virðist hafa verið lagður visvítandi annað hvort í vegginn eða ofan á hellurnar. Hvort einhver dýpri merking er þarna á bak við er óvitað. Moldin umhverfis kjálkan er dökk og lífræn sem bendir til þess að hold hafi verið á kjálkanum þegar einhver lagði hann frá sér. Jakob Orri Jónsson skrifaði um fórnir í tengslum við skála á Íslandi í meistararitgerð sinni og kom í ljós að matvæli voru algengustu húsfórnirnar sem og hvítir litlir steinar (Jakob Orri Jónsson, 2014). Því er ekki hægt að útiloka þann möguleika með öllu að auki eru tennur dýrsins frábrugðnar því sem eðlilegt er en til stendur að fara með kjálkan til dýralæknis til þess að kanna hver áhrif það hefur haft á dýrið.



Mynd 16. Kjálki úr nautgrip (SAN22-42-14)

Líkt og í mannvirki B1 á svæði B var mikið af eldsprungnum steinum í byggingunni, aðallega í hruni en einnig var töluverð hrúga fremst í mannvirkinu. Grjót var hitað í eldi til að halda hita innandyra en það var einnig notað til þess að bræða spik við lýsisframleiðslu (Lísabet Guðmundsdóttir, 2021; Nilsen, 2016). En dæmi um slíkt var að finna á svæði B svo að ekki er útilokað að fleiri gryfjur af þessu tagi finnist á svæðinu.

Til þessa hafa fundist þrjú mannvirki í Sandvík sem öll virðast hafa verið notuð tímabundið og ekkert af þeim eru tengt húsdýrahaldi. Því er líklegt að hér er um árstíðarbundna búsetu að ræða. Þess má geta að enn er svæði ókannað á austanverðum hólnum en þar eru ummerki um mannvist í sniði en ekki eins umfangsmikil og í svæðinu sem þegar hefur verið rannsakað (Mynd 17).



Mynd 17. Rauða svæðið er órannsakað og allavega við sjávarsíðna er mannvist í rofabarðinu.


Öskuhaugur

Stór hluti öskuhaugsins var grafinn upp árið 2020 en markmið uppgraftartímabilsins 2021 var að ljúka alfarið við hauginn. Í heild var haugurinn 3,9 m x 2,8 m en hversu stór hann var upphaflega er óvitað þar sem töluvert hefur kvarnast af honum í gegnum árin. Stærð haugsins sem grafinn var upp á uppgraftartímabilinu 2021 var 1,8 m x 1,5 m. Haugurinn hlóðst upp í náttúrulegri dæld sem upphaflega hefur verið lækjarfarvegur. Fyllt hefur verið upp í farveginn

og hann færður með torf og grjótfyllingu [671] (Sjá mynd 18 og 19). Að öllum líkindum var fyllt upp í farveginn til þess að nýta dældina til þess byggja mannvirki A2 þ.e.a.s timburmannvirkið.




Mynd 18. Möguleg fylling í lækjarfarveg.



Mynd 19. Fylling [671] er fyrir miðju myndar en sunnan við má sjá timburstokka og fjalar sem tilheyrðu mannvirki A2.

Öskuhaugurinn myndaðist í dæld yfir mannvirki A2, botn dældarinnar liggur frá vestri til norðaustur sveigir svo til suðausturs. Botn dældarinnar var um 0,6 m á breidd og um 6 m á lengd en í heild var varðveitt lengd um 8 m. Elsta lagið í dældinni er sandlag [668], en ekki fundiust í því ummerki um mannvist, líklegast áfokslag. Norðan við sandlagið í nyðri hlið dældarinnar var sandlag [669], en í því var einstaka kol og brennd bein, líklegast þó áfok. Sunnan við lagið í botninum og í syðri hlið dældarinnar var sendið torflag [668], líklegast hrún. Ofan á lagi [668] og að nokkru yfir laginu í botni dældarinnar var hörð járnútfelling [666], líklegast samtíða, norðan megin í dældinni var feitt blandað lag [664], í laginu var viður, líklegast birki og töluvert af steinvöllum. Yfir laginu voru lög [662] og sandlag [647] sem í voru afar lítil mannvist. Yfir því lagi var lag [646], dökkfjólublátt með viðaröskulinsum, kolum og brenndum beinum. Ummerki voru um óbrennd bein en varðveisla á þeim var afar lélag. Ofan á brún dældarinnar að norðanverðu er sandlag [663] sem kann að hafa verið uppmokstur en líklegast áfok. Yfir því lagi og nánast öllum haugnum sem og [646] var lag [635]/[662] innlyksa í því eru kol, brennd bein, óbrennd bein, mjúk eins og smjör og eldsprungnir steinar. Þetta er efsta lag öskuhaugsins. Yfir því var yfirborðslag [620] (Mynd 20, 21 og 22).



Samantekt

Öskuhaugurinn í sandvík var fullgrafinn á þessu uppgraftartímabili, en meiri hluti hans var grafinn árið 2020. Almennt séð var lífræn varðveiddsla í norðurhluta haugsins mun verri en í þeim syðri sem og þar fundust færri gripir og bein. Hins vegar kom í ljós að dældin sem öskuhaugurinn myndaðist í var náttúruleg og er um að ræða eldri farveg lækjar sem rennur nú vestan við hólinn. Dældin var svo notuð í mannvirki A2 sem uppgötvaðist árið 2018 en þegar það mannvirki skemmist í óveðri hefur verið fyllt upp í dældina/tóftina með rusli. Gripasafnið var töluvert fátæklegra á þessu uppgraftartímabili miðað við árið 2020. Í allt fundust níu gripir í haugnum, aðallega ógreinanlegir járngríp, naglar og náttúrusteinar, auk dýrabeina sem ekki eru meðtalinn í gripafjöldanum en rannsókn á dýrabeinum er ólokið.

Eins og áður hefur komið fram er ekki um að ræða hefðbundna fasta búsetu, því gefst hér tækifæri til þess að skoða efnismenningu frá tímabili og tegund búsetu sem til þessa hafa ekki verið rannsökuð, þ.e.a.s. árstíðarbundinni búsetu sem tengist nýtingu sjávarauðlinda á 9. til 10. öld.

Timburmannvirki A2

Undir öskuhaugi var þykkt sandlag með engum mannvistarmerkjum í, sjá lag [027] á sniðteikningu. Undir því lagi komu í ljós timburstokkar og fjalir. Stokkarnir og fjalirnar liggja í lagi [670] sem er lífrænt lag, svart til appelsínugult á litinn. Í laginu mátti sjá plöntu- og þangleifar ásamt járnútfellingum (*Mynd 23*). Talið er að náttúruleg dæld hafi verið nýtt til þess að byggja mannvirkið sem um ræðir. Líklegast er að það hafi verið yfirbyggt naust sem hafi hrunið í slæmum stormi og er því um einn stakan viðburð að ræða. Það myndi einnig skýra af hverju lag [670] er í raun bæði undir og yfir viðnum sem og þykka sandlagið sem liggur yfir mannvirkinu. Áþekkur stormur varð í desember 2019 og það er ekki óþekkt að þykk sandlög geti myndast á skömmum tíma á þessum stað. Aldursgreining á beini úr lagi sem bolirnir liggja í sýnir enn fremur að timburmannvirkið er ekki mikið eldra en öskuhaugurinn sjálfur, þ.e. frá 9. eða 10. öld (Lísabet Guðmundsdóttir, 2019).



Mynd 23. Timburmannvirki ásamt teikningu af timbrinu sem rannsakað var árið 2018.




Mynd 24. Morten að saga sýni úr trjából í mannvirki A2.

Svæði B


Mannvirki B2 (Bjössabúð)

Bjössabúð (Mannvirki B2) er nefnd eftir Bjössa (Björn Guðni Guðjónsson) sem uppgötvaði mannvirkið árið 2020. Kom þá í ljós brot úr strenghlöðnum vegg [548] við norðaustur horn svæðisins. Eitt af markmiðum rannsóknarinnar í ár var að aldursgreina mannvirkið, kanna hvort að þar hafi verið árstíðarbundin búseta eða samfelld og hvert hlutverk mannvirkisins var. Áætlað var að grafa skurð þvert á mannvirkið en það þótti ekki fýsilegt þar sem næstum 2 m af sandi liggja yfir mannvirkinu. Skurðurinn myndi því auðveldlega falla saman og valda töluverðri hættu. Þess í stað var svæðið stækkað til norðurs um 1,5 m eða sem samsvarar stærð skurðarins. Mannvirkið er yngra en mannvirki B1, sem rannsakað var árið 2020.

Lag [665] er gráleitt, feitt með kolaögnum í og er mannvirki 1 byggt ofan á það sem og Bjössabúð. Yfir því er lag [659] sem líklegast er það sama og lag [644], liggur það upp við mannvirki 1 en veggir Bjössabúðar eru hlaðnir ofan á það lag, lögin eru feit og í eru kol og brennd bein (Mynd 25 og 26).



Mynd 25. Lögín sem liggja undir Bjössabúð.



Mynd 26. Gólflog í Bjössabúð.

Að vestanverðu var inngangur inn í mannvirknið og gólfslag [654] í honum, gólfið var sendið með kolaflyksum. Fyllt var í innganginn með torfi [649] og hann færður á annan óþekktan stað. Ekki er vitað af hverju það hefur verið gert en það kann að tengjast lýsisvinnslunni. Elsta lagið sem tilheyrir mannvirkinu sjálfu er gólfslag [652] og var það í norðvesturhluta mannvirkisins. Gólfið var feitt áferðar, grá-appelsínugult með kolum og brenndum beinum í. Yfir gólfslagi [652] var gólfslag [650], lagið var þétt, gráleitt til brúnt á lit, raskað að austanverðu. Töluvert var af kolum og brenndum beinum í laginu. Í lagi [650] var afmarkað lítið kolalag [651] og var birkið úr því lagi aldursgreint (Sýni 05) (Mynd 27). Var birkið með 95,4% líkindum frá tímabilinu 773-975 e.Kr., og eru 61,5% líkur á að birkið sé frá tímabilinu 913-975 e.Kr.²

² Sýnið var greint hjá The National Laboratory for Age Determination í Trondheim. Sýnanúmer: TRa-16788





Mynd 27. Kolalag [651]. Kol úr þessu lagi var aldursgreint.

Yfir gólfögum [652], [650] og [651] var torflag [645] og í því hellur sem að öllum líkindum voru stoðarsteinar.



Mynd 28. Yfirlitsmynd af Bjössabúð, stoðarsteinar og hvalvein sjást á myndinni. Út frá staðsetningu hvalbeinsins kann það hafa verið undir stoð. (Mynd tekin í S)

Yfir torflagi [645] var torfhrun [643] og [634] sem eru samtíða, lögin voru greind í sundur þar sem lag [643] var afar þétt og massíft og nánst eins og það væri hlaðið upp við torfvegg [660], enn er ekki ljóst hvort þetta er hrún eða hvort það var vísvitandi hlaðið þarna upp við. Hins vegar var torfhrun [634] að öllum líkindum úr torfvegg [660] miðað við lit og áferð. Að vestanverðu, að hluta yfir veggjum og fyllingu í inngangi [649] var blandað torfhrunslag [630]. Yngsta lagið í mannvirkinu var grafið árið 2020, torfhrun [548] (Mynd 29, 30 og 31).



Samantekt

Bjössabúð er um 1 m norðan við mannvirki B1 sem grafið var árið 2020. Út frá afstöðu jarðlaga er Bjössabúð yngri en mannvirki B2. Kolefnisaldursgreiningar benda til þess að þær séu frá sama tímabili, þ.e. frá 10. öld. Gólflog voru þunn og aðallega í vesturhluta búðarinnar sem bendir til þess að húsið hafi ekki verið notað í langan tíma. Nánast engin gólflog voru varðveitt að austanverðu en húsið var í töluverðum halla. Ekki fundust neinir gripir í húsinu fyrir utan eitt hvalbein, SAN21-43-21 (*Mynd 32 og 33*). Mögulega var beinið nýtt undir stoð, sjá mynd 6. Líklegast hefur verið þak á búðinni, fremur en tjald, ef miðað er við hversu umfangsmikil torfhrunslögin voru. Mannvirkið virðist ekki hafa verið notað í eins langan tíma og mannvirki B1 og er reist á síðari stigum búsetunnar. Það er þó í notkun á sama tíma og lýsisgryfjan því að eitt af torfhrunslögunum vestan við búðina er skorið af niðurgreftri fyrir lýsisgryfjuna (Lísabet Guðmundsdóttir, 2021).



Mynd 32. Hvalbein SAN21-43-21 sem fannst í Bjössabúð.



Mynd 33. Bjössi í Bjössabúð að grafa upp hvalbeinið.

Eingöngu lítill hluti mannvirkisins hefur verið grafið upp eins og stendur en rannsókn bendir til þess að það hafi verið notuð árstíðarbundið og það hefur ekki verið notað í mjög langan tíma. Ekki er ólíklegt að það tengist viðveru einstaklinga sem unnu við lýsisframleiðslu.

Mannvirki B1 og svæðið á milli mannvirkjanna tveggja

Á milli mannvirkjanna tveggja voru þétt blönduð mannvistarlæg. Að öllum líkindum gömul yfirborðslög sem hafa myndast við viðveru fólks á svæðinu. Elsta mannvistarlagið, blandað þétt lag [644], lá ofan á óhreyfðum sandi. Yfir var torfhrun [642] úr torfvegg [594] í mannvirki B1. Yfir hruninu og lagi [644] var blandað lag [640] sem var dökkt brúnt til grátt á lit, sendið og í því var töluvert af kolum, morknum beinum, fiskibeinum og eldsprungnu grjóti. Yfir því var torfhrun [556] sem lá alveg niður að lýsisgryfju sem er vestan við Bjössabúð. Varðveisla á beinum á svæðinu var afar slæm, öll óbrennd bein voru nánast eins og smjör fyrir utan nokkrar tennur, þar á meðal svínstönn SAN21-42-15 í lagi [640] en ljóst er að töluvert af beinum hefur verið fyrir utan búðirnar.

Öskuhaugur

Vestan við mannvirki B1 er öskuhaugur sem ekki tókst að fullgrafa árið 2020 og var því eitt af markmiðum rannsóknarinnar að fullgrafa hann. Neðsta lagið sem í raun er gamalt yfirborðslag sem öskuhaugurinn myndaðist ofan á, er lag [533] sem er grátt og tiltölulega feitt en ekki fundust nein mannvistmerki í því. Yfir því var elsta lagið í haugnum, lag [629], það var gráflekkótt í það að vera brúnt, sendið siltlag sem í var töluvert af viðarösku, kolum og brenndum beinum (*Mynd 34*).




Mynd 34. Lag [629] í öskuhaugi. (Mynd tekin í A)



Mynd 35. Vinnumynd af svæðinu, öskuhaugurinn er hægra megin á myndinni. (Mynd tekin í SA)

Yfir því var lag [626], torfblandað öskuhaugslag með töluverðu af torfi úr eldri torfvegg mannvirkis B2. Í laginu var mikið af barrviðarkolum, brenndum beinum og viðarösku. Lagið var undir yngri torfvegg og tilheyrir þessi hluti haugsins því eldri notkunarskeiði mannvirkisins. Yfir lagi [626] var torfblandað lag [624], innlyksa voru öskuskellur og kol ásamt einstaka brenndum beinum, bæði fugla og fiska. Lagið var raskað þegar grafið var fyrir lýsisbræðslugryfjunni. Yngsta lagið sem rannsakað var að þessu sinni var lag [622] sem var aðallega kolablandað torfhrun. Yfir því var lag [540] sem grafið var árið 2020 sem var móaska með öskulinsum, töluvert var í því af kolum og eldsprungnum steinum. Því næst kom lag [536], svart sótlag sem í var sót, kol, steinar og brennd bein. Yngsta lagið í öskuhaugnum var móöskulag [521] (Mynd 36 og 37). Vonir stóðu til að hægt væri að bera beinasöfn öskuhauganna tveggja saman en varðveisla á beinum var afar léleg á þessu svæði og voru flest óbrennd bein eins og smjör. Þessi öskuhaugur var að auki mun minni í sniðum sem bendir til þess að meginíverðustaður fólksins sem þarna starfaði hafi verið á svæði A.



Mynd 36. Öskuhaugur vestan við smáhýsi.

Mynd 37. Öskuhaugur vestan við smáhýsi.

Kolefnissldurs- og lípíðgreiningar

Mannvirki B1 var fullgrafið árið 2020 en niðurstöður úr kolefnissaldursgreiningum komu ekki í ljós fyrr en undir lok 2020. Í alls voru gerðar þrjár aldursgreiningar á birkikolum. Reynt var að finna greinar með stuttan lífaldur. Sýni SAN20-08-8 var tekið úr gólflagi [563] SAN20-08-13 úr öskulagi [585] í eldstæði og SAN20-08-14 úr einu af elstu gólflögum hússins [612]. Aldursgreiningar úr öllum þremur lögum eru meira eða minna svipaðar og sýna fram á að mannvirkið var í notkun á 9. til 10. öld, líklegast á þeirri tíundu þó. Kol úr mannvirki B2 eða Bjössabúð sýnir einnig fram á áþekkan aldur en afstaða jarðlaga sýnir að hún var byggð á eftir mannvirki B1 en er líklegast samtíða yngri notkunarskeiði mannvirkisins (Lísabet Guðmundsdóttir, 2021). Á svæði A hafa verið gerðar fimm aldursgreiningar, sú fyrsta kemur úr óþekktu lagi úr öskuhaugnum (Einar Ísaksson et al., 2018) en fjórar aldursgreiningar úr þekktum lögum úr sniðinu. Tvær úr lagi úr öskuhaugnum sjálfum sem reyndust vera frá tímabilinu 890-990 e.Kr. og tvær úr mannvistarlagi sem tengdist timburmannvirkinu A2 undir öskuhaugnum. Reyndust þær vera frá tímabilinu 777-986 e.Kr (Lísabet Guðmundsdóttir, 2019). Þessar

aldursgreiningar gefa til kynna að bæði svæðin voru í notkun á sama tíma. Ekki er ljóst í hversu langan tíma þau voru í notkun en afstaða jarðlaga bendir til þess að búseta hafi ekki verið löng.

Tafla 2. Niðurstöður kolefnisaldursgreiningar á kolaleifum úr mannvirki B1. Sýnin voru greind hjá The National Laboratory for Age Determination í Trondheim

Númer frá rannsóknarstofu	Sýnanúmer	Tegund sýnis	14C aldur	Aldursgreining
TRa-16787	SAN20-08-14	Trékol. Betula,alkali residue	1135 ± 10	68.3% probability 889AD (13.1%) 898AD 920AD (55.2%) 956AD 95.4% probability 884AD (19.9%) 906AD 911AD (75.5%) 977AD
TRa-16789	SAN20-08-8	Trékol. Betula,alkali residue	1160 ± 10	68.3% probability 776AD (10.3%) 784AD 835AD (3.8%) 841AD 877AD (28.1%) 895AD 925AD (26.1%) 949AD 95.4% probability 772AD (13.7%) 788AD 827AD (14.4%) 860AD 871AD (34.2%) 899AD 920AD (33.1%) 957AD
TRa-16790	SAN20-08-13	Trékol.,alkal i residue	1160 ± 15	68.3% probability 776AD (10.0%) 785AD 833AD (9.2%) 847AD 876AD (24.8%) 895AD 925AD (24.3%) 950AD 95.4% probability 772AD (13.2%) 789AD 826AD (50.4%) 900AD 918AD (31.1%) 960AD 968AD (0.7%) 972AD

Árið 2020 var grafin til hálfgröfju sem var túlkuð sem lýsisbræðslugryfja. Í henni voru lög, feit viðkomu og mátti þar að auki greina lýsisfnyk. Sýni úr gryfjunni var sent í lípiðgreiningu til Miljòarkælogi og Materialeforsknings deildar Þjóðminjasafnsins í Kaupmannahöfn. Niðurstöður greininganna sýna fram á að um fitu er að ræða en enn á eftir að greina samanburðarsýni (Martin Mortensen munnleg heimild). Vegna þess hve góð varðveislan var, er mögulegt að gera fornDNA greiningar á fitusýrunum og fá úr því skorið um hvaða dýrategundir voru notaðar. Bæði hvalbein og selbein hafa fundist við uppgröftinn svo að spik af báðum kann að hafa verið notað til lýsisgerðar.

Umræða og niðurstöður

Loftslagsbreytingar valda í síaukni mæli öfgakenndum veðurlagi hér við land. Minjar við sjávarsíðuna hverfa í hafið án rannsókna og umfangsmikil þekking á lífi forfeðra okkar með. Sandvík er einn af fáum stöðum við sjávarsíðuna þar sem spyrnt er á móti og fé hefur fengist til rannsókna. Rannsóknin bendir til þess að í Sandvík hafi verið nokkuð umfangsmikill nytjastaður sem var nýttur á árstíðarbundið. Þar fór fram fjölbreytt starfsemi, fiskveiðar og fiskvinnsla, lýsisbræðsla, og textílvinnsla. Í Sandvík hefur að öllum líkindum verið fólk af báðum kynjum sem og börn. Til að mynda fannst tönn úr barni, líklegast um 12 ára gamalt í öskuhaugnum. Eflaust voru börn farnir að starfa við fiskvinnslu tiltölulega ung og voru ef til vill send til vinnu eða störfuðu með foreldrum sínum. Börn eru hópur sem eru tiltölulega ósýnilegí sögunni frá þessu tímabili, hvað þá á nytjastöðum sem nýttir voru árstíðarbundið, hér er því ný innsýn inn í líf barna á víkingaöld. Til þessa hafa þrjú mannvirkið verið rannsökuð en eingöngu eitt hefur verið fullgrafið. Rannsókn bendir til þess að byggingar hafi verið tiltölulega litlar, fólk hefur því lifað við þröngar aðstæður í mikill návist. Dýrabeinasafnið sýnir fram á að fiskveiðar og fiskvinnsla var stunduð í vikinni, en að auki hélt fólk í Sandvík mögulega húsdýr eins og svín, nautgripi og sauðfé. Hins vegar finnast engin ummerki um útihús. Út frá dýrabeinasafninu virðist fólk hafa verið tiltölulega vel haldið. Húsdýrahald á verstöðvum er lítt rannsakað efni. En hér gefst tækifæri til þess að skoða fjölbreytta þætti árstíðarbundinnar búsetu. Uppgrefti á öskuhaugnum tveimur er nú lokið en úrvinnsla stendur enn yfir. Varðveisla á beinum í öskuhaugnum á svæði B var afar slæm, beinin voru velflest eins og smjör en þar voru varðveitt brennd bein. Töluverður fjöldi af eldsprungnum steinum fannst á báðum svæðum. Steinarnir

virðast hafa verið notaðir til þess að bræða spik í lýsisgryfjunni á svæði B og einnig till þess að halda á hita á fólki innandyrna. Á árinu lauk einnig rannsókn á tímburmannvirki sem kom í ljós árið 2018. Talið er að það hafi verið byggt í náttúrulegri dæld eða gömlum lækjarfarvegi. Drumbarnir hafa verið stoðir en í ljós komu einnig fjalir, mögulega þiljur eða gólf. Talið er að mannvirkið hafi upphaflega verið naust en eyðilagst í slæmum stormi. Rannsóknin sýnir ennfremur fram á nauðsyn þess að halda áfram rannsóknum á svæðum við strandlengjuna því að hér er um að ræða lítt þekktu hlið á búsetunni í landinuog að öllum líkindum hélt hér til samfélagshópur sem lítt kemur fram í sögunni.

Heimildir

- Einar Ísaksson, Guðmundur St. Sigurðarson, Magnús Freyr Gíslason, Þór Hjaltason. (2018). *Sandvík á Selströnd: Könnun á sjávarrofi í öskuhól*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands
- Jakob Orri Jónsson. (2014). *Food, blood and little white stones. A study of ritual in the Icelandic Viking Age hall*. (MA), University of Iceland, Reykjavík.
- Lilja Björk Pálsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Birna Lárusdóttir, Hólmfríður Sveinsdóttir, Egill Erlendsson. (2021). *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2020. 3. áfangi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Lísabet Guðmundsdóttir. (2019). *Landnámsbýli í Sandvík? Frumrannsókn á minjum sem er í mikilli hættu vegna ágangs sjávar í Sandvík, í landi Bæjar í Kaldrananeshreppi á Ströndum (FS744-18351)*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Lísabet Guðmundsdóttir. (2021). *Landnámsminjar í Sandvík. Björgunarrannsókn (FS826-20081)*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Nilsen, G. (2016). Marine Mammal Train Oil Production Methods: Experimental Reconstructions of Norwegian Iron Age Slab-Lined Pits. *Journal of Maritime Archaeology*, 11, 197-217. doi:<https://doi.org/10.1007/s11457-016-9153-8>

Viðaukar

Einingaskrá

Number	Area	Group	Type	Description/Information	Date	ID
620	A		Topsoil	Um 0,5-1 m þykkt sandlag sem liggur yfir svæðinu. Fjarlægt með gröfu	1.9.2021	GMC
621	A	632	Blandað lag	Sandur í dæld með viðaröskublettum og viðarkolum, eldsprungnir steinar. Um 5-10 cm á þykkt	1.9.2021	LP
622	B		Torfhrun	Torfhrun frá vesturvegg búðar, gulbrúnt, flekkótt, einstaka kol um 5 cm á þykkt	1.9.2021	LG
623	A	632	Áfok	Áfokslag, sendid lag með einstaka kol og torfblettir, um 5-10 cm þykkt	1.9.2021	LP
624	B		Öskuhaugur	Torfblandað lag með öskuskellum og kolum. Einstaka brennd bein, fugla og fiska. Gulbrúnt til grátt á lit ásamt fjólubláum torfskellum. Skorið af pytti	1.9.2021	LG
625	A	632	Torfhrun	Torfhrun með sandlinsum inn á milli, laust í sér, marglitað, svart til fjólublátt og brúnt. Í laginu eru eldsprungnir steinar	1.9.2021	LP
626	B		Öskuhaugur	Lag í öskuhaugi, mjög blandað, dökkt torf úr eldri vegg. Töluvert af kolum og brenndum beinum. Eitthvað af barrviðarkolum, viðaraska. Undir yngri torfvegg er öskulag sem bendir til þess að hún hafi verið opin eitthvað áður en yngra vegg er bætt við.	1.9.2021	LG/MR
627	A	632	Pinnahola	Fylling í pinnaholu [628], laus í sér, appelsínugul, sendin, 13 cm á dýpt	2.9.2021	LP

Number	Area	Group	Type	Description/Information	Date	ID
628	A	632	Pinnahola	Pinnahola við S-vegg, líklega staðið þegar mannvirkið féll, þ.e. Fer ekki í gegnum torfhrun [625], 6 cm á dýpt	2.9.2021	LP
629	B		Ruslag	Ruslag gráflekkótt í að vera brúnt, silt, sendin. Töluvert af viðarösku. Kol og brennd bein. Um 3 cm þykkt	2.9.2021	LG/MR
630	B	Bjössabúð	Torfhrun	Blandað torfhrun, dökk brúnt	2.9.2021	BGG
631	AS		Yfirborðslag	Yfirborðslag, sama og [620]	2.9.2021	GMC
632	AN	GR	Hópur	Hópnúmer fyrir mannvirki 3 í N-hluti A	2.9.2021	LP
633	B		Óhreyft lag	Óhreyft lag undir öskuhaugi	2.9.2021	LG/MR
634	B	Bjössabúð	Torfhrun	Þétt mislitt torfhrun, leirkennt	2.9.2021	BGG
635	AS		Öskuhaugur	Þétt lag, gul-brúnt með fjólubláum flekkjum, sendin silt. Innlyksa eru kol, brennd bein, mjúk bein og eldsprungnir steinar. 5-20 cm á þykkt.	2.9.2021	GMC
636	AN	632	Áfok	Áfokssandur í hrúni, laust í sér, grátt um 5-7 cm á þykkt	3.9.2021	LP
637	AN	632	Sandur	Sandbunki, laust í sér, um 90% andur og 10 silt. Um 10 cm á þykkt	3.9.2021	LP
638	AS		Öskuhaugur	Öskulag með gul-brúnum torfflekkjum ásamt móöskuflekkjum. Töluvert af kolum, og illa varðveittum beinum. Undir er sandlag.	3.9.2021	GMC
639	AN	632	Torfhrun	Grjóthrun - torf, líklega sama og [625]	3.9.2021	LP
640	B		Blandað lag	Blandað lag norðan við B1 og fer undir B2. Dökk brúnt til grátt, sendin silt, töluvert er af kolum, smjörbeinum, fiskibeinum og eldsprungnu grjóti	3.9.2021	LG
641	AN	632	Torfslag	Torf/sandlag, upphaflega talið vera hluti af torfhruni en líklegast er um að ræða torf sem lagt var yfir dæld eða niðurgröft sem er fullur af sandi og grjóti. Grjótið er nær allt	6.9.2021	LP

Number	Area	Group	Type	Description/Information	Date	ID
				eldsprungið. Lagið er appelsínugult og rautt yfir brúnleitt.		
642	B		Torfhrun	Torfhrun norðan við B1, brún-appelsínugult, sendið torf um 5 cm á þykkt	6.9.2021	LG
643	B	Bjössabúð	Torfhrun	Torfhrun inn í tóft B2, stallur sem liggur upp við vegginn, þétt í sér, brún appelsínugult og fjólublátt, leirkennt.	6.9.2021	BGG
644	B		Ruslag	Ruslag á milli búða, mjög feitt, töluvert af beinum sem eru mjög illa varðveitt, eldsprungnir steinar	6.9.2021	LG
645	B	Bjössabúð	Torfhrun	Torfhrun inn í búð B2, dökkt og sendið	6.9.2021	BGG
646	AS	Öskuhaugur	Öskuhaugur	Lag í öskuhaugi, laust í sér, dökkt fjólublátt til brúnt með linsum af viðarösku, kol og brennd bein. Varðveisla beina var slæm	6.9.2021	GMC
647	AS	Öskuhaugur	Sandur	Sandlag í öskuhaug	7.9.2021	GMC
648	AS	Öskuhaugur	Niðurgröftur	Niðurgröftur, náttúrulegur þar sem öskuhaugur liggur. Líklegast er niðurgröfturinn náttúrulegur, þ.e. Upphaflegi farvegur lækjarins sem sést fyrir norðan. Það virðist hafa verið fyllt upp í hann og farvegurinn færður. Dældin var svo notuð fyrir elsta mannvirkið á svæðinu sem er timburmannvirkið	7.9.2021	GMC
649	B	Bjössabúð	Fylling	Fylling í mögulegum inngangi, þétt, gul-brúnt til appelsínugult torf	7.9.2021	LG
650	B	Bjössabúð	Gólf	Þétt gólfslag í B2, gráleitt til brúnt á lit. Sendin silt, feitt. Töluvert af kolum og brenndum beinum. Um 2-3 cm á þykkt. Raskað að austanverðu,	7.9.2021	LG

Number	Area	Group	Type	Description/Information	Date	ID
				mögulega var mokað úr húsinu á einhverjum tímapunkti		
651	B	Bjössabúð	Kolalinsa	Kolalinsa í gólfi, nokkuð stórir kolamolar miðað við annarsstaðar	7.9.2021	LG
652	B	Bjössabúð	Gólf	Feitt gólf í norðvesturhorni B2, grá-appelsínugult, silt. Kol og brennd bein, lagið er flekkótt og um 2 cm á þykkt. Raskað að austanverðu vegna niðurgraftar	7.9.2021	LG
653	AN	632	Torf	Torf við austurbrún mannvirkis, frekar þétt í sér, mislitt appelsínugult til svart, silt, sandur. Viðaraska og móaska, einstaka flekkir. Um 2-20 cm þykkast í NA horni	7.9.2021	LP
654	B	Bjössabúð	Gólf	Gólf í inngangi, sendinn, kolaflyksur um 3 cm á þykkt.	7.9.2021	LG
655	AN	632	Fylling	Fylling í stoðarholu 656 (torf) (sjá ljósmynd 181). Laus í sér, appelsínugulbrún um 25 cm á dýpt	7.9.2021	LP
656	AN	632	Niðurgroftur	Niðurgroftur fyrir stoðarholu. Holan er hringlaga með nokkuð beinum hliðar. Botn er ávalur. Skorið í gegnum sandlög. 25 cm á dýpt	7.9.2021	LP
657	AN	632	Fylling	Fylling í stoðarholu. Laus í sér, appelsínugulur og brúnt sandur og silt	7.9.2021	LP
658	AN	632	Niðurgroftur	Niðurgroftur fyrir stoðarholu. Holan er hringlaga um 17 cm í þvermál og um 20 cm á dýpt. Lögum breytist þó með rana til suðurs. Hliðar eru beinar og botn ávalur	7.9.2021	LP
659	B	Bjössabúð	Yfirborð	Mögulegt gólfslag - líklega undir veggjum og því eldra en búðin. Líklegast gamalt yfirborðslag, þétt og gráleitt, silt, frekar feitt. Í laginu eru brennd bein	7.9.2021	LG

Number	Area	Group	Type	Description/Information	Date	ID
				og kol um 1 cm á þykkt. Flekkót. Raskað að austanverðu		
660	B	Bjössabúð	Torfveggur	Torfveggur, strenghlaðinn. Veggurinn er hlaðinn ofan á eldri ruslalög eða yfirborðslög, sjá [659] þannig að töluverð virkni hefur átt sér stað á svæðinu áður en veggurinn er hlaðinn. Torfið er þétt, appelsínugult til brúnt. Hæð veggja er um 60-70 cm og líkt og mannvirki 1 er það byggt í töluverðum halla	8.9.2021	LG
661	AN	632		Sandlag með kolaflekkjum og torfi. Hluti af vegg ofan á niðurgreftri fyrir mannvirki. Laust í sér til þess að vera þétta. Dökkbrúnt-svart, silt, sandur. Um 5-15 cm á þykkt.	8.9.2021	LP
662	AS	Öskuhaugur	Öskuhaugur	Líklegast sama lag og [635] í öskuhaug	8.9.2021	GMC
663	AS		Öskuhaugur	Uppmokstur, rauðfleckkóttur sandur með grjóti (nátturulegt)	8.9.2021	LP
664	AS		Öskuhaugur	Feitt sandblandað lag, þétt, gráleitt, steinvölur í laginu. Um 7 cm á þykkt	8.9.2021	GMC
665	B		Yfirborð	Elsta yfirborðslagið, þétt, brún-svart til grátt, sendin silt, í laginu eru kol og nær yfir nánast allt svæðið	8.9.2021	LG
666	AS		Járnpanna	Uppmokstur, járnpanna. Laust, appelsínugult-rautt um 3 cm þykkt.	8.9.2021	GMC
667	AS		Torflag	Torflag, þétt, grá-appelsínugult til ljósgult. Sendið torf um 2-3 cm á þykkt	9.9.2021	GMC
668	AS		Sandur	Sandlag, uppmokstur ásamt járnþönnu. Brúnn sandur ásamt appelsínugulum járn	9.9.2021	GMC

Number	Area	Group	Type	Description/Information	Date	ID
				flekkjum. Töluvert af steinvölum.		
669	AS		Blandað lag	Blandað lag, þétt, mið til dökk brúnt, sendin silt. Einstaka kol og brennd bein um 3-5 cm þykkt.	9.9.2021	GMC
670	AS		Þang/gróðurlag	Mjög lífrænt lag, gras og þang, mjög járnríkt liggur bæði yfir og undir timbirinu og tengist líkegast storm atburði. Svart til appelsínugult á lit, í laginu er mikið af plöntuleifar og líkist mjög rotandi þangleifum. Um 5 cm þykkt	9.9.2021	LG
671	AS		Fylling	Torf og steinar við suðurenda botns á öskuhaugi. Fylling á gömlum árfarvegi. Þétt, grá-appelsínugult torf. Steinaröð.	9.9.2021	GMC
672	A		Viður	Viður - timburmannvirki	9.9.2021	LG
673	A		Viður	Viður - timburmannvirki	9.9.2021	LG
674	A		Viður	Viður - timburmannvirki	9.9.2021	LG
675	A		Viður	Viður - timburmannvirki	9.9.2021	LG
676	A		Viður	Viður - timburmannvirki	9.9.2021	LG
677	A		Viður	Viður - timburmannvirki	9.9.2021	LG
678	A		Viður	Viður - timburmannvirki	9.9.2021	LG

Fundaskrá

Number	Area	Context	Material	Description/Information	Count	Date	ID
1	A	620	Gjall	Gjall	1	31.8.2021	LG
2	A	620	Steinn	Rauður sandsteinn, unninn	1	31.8.2021	LG
3	A	620	Járn	Járngripur	1	1.9.2021	GMC
4	B	624	Járn	Járngripur	1	1.9.2021	LG
5	A	621	Steinn	Náttúrusteinn	1	1.9.2021	GMC
6	B	626	Járn	Járngripur - óljóst hlutverk	1	2.9.2021	LG
7	A	625	Járn	Járngripur - með hook	1	2.9.2021	LP
8	B	594	Járn	Járngripur - nagli	1	2.9.2021	LG
9	A	625	Bein	Bein	1	2.9.2021	LP
10	B	594/516	Járn	Nagli	1	3.9.2021	MR
11	B	558	Járn	Leggur af nagla	1	3.9.2021	LG
12	AS	638	Steinn	Nattúrusteinn, kvarts?	1	3.9.2021	GMC
13	AS	638	Járn	Rónagli	1	3.9.2021	GMC
14	AN	639	Bein	Bein - kjammi	1	3.9.2021	LP
15	B	640	Bein	Svínstönn	1	3.9.2021	LG
16	A	638	Járn	Nagli	1	3.9.2021	GMC
17	AN	639	Járn	Járngripur, ógreinanlegur	1	3.9.2021	LP
18	AS	638	Járn	Járngripur	1	6.9.2021	GMC
19	AS	638	Steinn	Náttúrusteinn	2	6.9.2021	GMC
20	AS	638	Bein	Dýrabein		6.9.2021	GMC
21	B	643	Bein	Hvalbein (sjá myndir)	1	6.9.2021	BGG
22	AS	646	Steinn	Nattúrusteinn	2	6.9.2021	GMC
23	AS	646	Járn	Járngripur	1	6.9.2021	GMC
24	AS	646	Bein	Dýrabein		6.9.2021	GMC
25	AS	646	Steinn	Nattúrusteinn	1	7.9.2021	GMC
26	AS	646	Járn	Járngripur	1	7.9.2021	GMC
27	B	654	Bein	Tönn	1	7.9.2021	LG
28	AN	657	Steinn	Brotið lóð	1	7.9.2021	LP
29	B	624	Steinn	Steinn	1	7.9.2021	LG
30	B	640	Bein	Dýrabein		7.9.2021	MR
31	B	640	Bein	Dýrabein		7.9.2021	MR

Sýnaskrá

Number	Area	Context	Quant.	Description/Information	Date	ID
1	A	625	1 poki	Viður úr [632], fjöl?	2.9.2021	LP
2	A	641	1 poki	Viður úr [632]	6.9.2021	LP
3	A	641	1 poki	Viður úr [632]	6.9.2021	LP
4	B	650	10L	Gólfag úr búð 2	7.9.2021	LG
5	B	651	2L	Kolalinsa úr búð 2	7.9.2021	LG
6	B	665	2L	Elsta lagið. ATH	8.9.2021	LG
7	A	664	1 poki	Viður - bolur	8.9.2021	LP
8	A	675	1 poki	Viður - bolur	9.9.2021	LG
9	A	678	1 poki	Viður - bolur	9.9.2021	LG
10	A	672	1 poki	Viður - bolur	9.9.2021	LG
11	A	679	1 poki	Viður - bolur	9.9.2021	LG
12	A	677	1 poki	Viður - bolur	9.9.2021	LG
13	A	674	1 poki	Viður - bolur	9.9.2021	LG
14	A	673	1 poki	Viður - bolur	9.9.2021	LG